

# Leikskóli Fjallabyggðar.



Leikhólar



Leikskálar

## Foreldrahandbók

2021

Heimilisfang

Leikskólinn Leikskálar

Brekkugötu 2

580 Fjallabyggð.

Olga Gísladóttir leikskólastjóri Leikhólum sími 464-9242

netfang: leikskoli@fjallaskolar.is

Kristín María Hlökk Karlsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Leikskálar 464-9145

netfang: kristinm@fjallaskolar.is

Eldhús 464-9149

Heimasíða [www.leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is](http://www.leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is)

## **Velkomin í Leikskólann**

Kæru foreldrar barna í Leikskóla Fjallabyggðar. Þessum bæklingi er ætlað að kynna ykkur hvernig við vinnum okkar starf í þágu ykkar og barnanna, hvernig leikskólinn er uppbyggður, hvaða starfsreglur og uppeldisstefnu við höfum tileinkað okkur og einnig hvaða réttindi og skyldur þið hafið á meðan börnin ykkar eru í leikskólanum.

Við munum reyna að minnast á sem flesta þætti starfseminnar og segja ykkur frá því hvaða reglur gilda og hvaða kröfur eru gerðar til barnanna og færa rök fyrir því starfi sem við erum að vinna. Við vonum að þið hafið bæði gagn og gaman af.

### **Rekstur leikskólans.**

Leikskóli Fjallabyggðar tók til starfa 1. ágúst 2010. Þá voru leikskólarnir Leikskálar á Siglufirði og Leikhólar í Ólafsfirði sameinaðir í Leikskóla Fjallabyggðar. Leikskálar er fimm deilda leikskóli og Leikhólar eru þriggja deilda leikskóli, Þeir eru báðir fyrir börn á aldrinum tólf mánaða til grunnskólaaldurs. Aldursskipting er í leikskólanum og reynt er að halda því en vegna mis stórra árganga getur það komið fyrir að deildir séu ekki með hreina aldursskiptingu. Rekstraraðili leikskólans er Fjallabyggð. Fræðslunefnd fer með málefni allra skólastiga í Fjallabyggð. Fundargerð fræðslunefndar er að finna á heimasíðu Fjallabyggðar <http://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/stjornsysla>

Leikskólinn starfar undir faglegri yfirstjórn Menntamálaráðuneytis og starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90 12/2008. Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Í henni eru markmið og leiðir sem leikskólar starfa eftir, en útfæra eftir eigin stefnu og áherslum. Í lögum um leikskóla segir m.a. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar

## Opnunar tími leikskólans

Leikskólinn er opinn frá kl. 07:45-16:15 alla virka daga og býður upp á sveigalegan vistunartíma frá 4 tímum upp í 8 og ½ tíma. Foreldrar semja um ákveðin vistunartíma þegar barnið byrjar í leikskólanum. Ef óskað er breytinga á vistunartíma er sótt um það á skrifstofu leikskólans.

Gjaldskrá er að finna á heimasíðu leikskólans <http://leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is/>

Uppsagnarfrestur á dvalartíma eru 1. mánuður og skal miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

## Að koma og fara

Leikskólinn leggur áherslu á að taka vel á móti hverju barni. Foreldrar ber að afhenda barn til starfsmanna þegar komið er í leikskólann og láta starfsmann viðkomandi deildar vita þegar barnið er sótt.

**Foreldrar vinsamlega virðið umsamda vistunartíma. Það þarf að greiða aukagjald ef barn er sótt of seint. Kennarar skrá komu og brottfara tíma barnanna.**

Mikilvægt er að foreldrið tilkynni starfsmönnum ef barnið er sótt að öðrum en foreldrum.

**Ekki er leyfilegt að börn yngri en 12 ára sæki börn í leikskólann.**

Vinsamlegast athugið að fara með gát um bílastæði leikskólans. Það er mikill mengunarvaldur að hafa bíla í gangi á bílastæðinu og berst sú mengun inn, því viljum við árétta það að foreldrar drepi á bílum sínum þegar komið er með börnin og einnig þegar þau eru sótt.

**Á Leikskálum er mikilvægt er að loka alltaf hliðinu að lóð leikskólans öryggisins vegna og á Leikhólum þarf að gæta þess að millihurðir inn í leikskólann séu ávallt lokaðar.**

## Leikskólinn lokaður

Leikskólinn er lokaður um helgar, alla helgidaga þjóðkirkjunnar og alla almenna frídaga. Þá er leikskólinn einnig lokaður á aðfangadag- og gamlársgang

Leikskólinn er lokaður sex virka daga ár hvert vegna skipulagsdaga, námskeiða og starfsmannafunda hjá starfsfólki. Skipulagsdagar koma fram á skóladagatali ásamt því að þeir eru auglýstir á deildum, deildarsíðum og heimasíðu skólans.

Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur ár hvert vegna sumarleyfa. Sá tími er þá gjarnan notaður til að sinna nauðsynlegu viðhaldi á lóð og húsnæði leikskólans. Sumarfrí kemur fram á skóladagatali.

## Starfið

Leikskóli Fjallabyggða byggir starf sitt á Aðalnámskrá fyrir leikskóla sem tók gildi 2011. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þessa leiðarvísis á sérhver leikskóli að gera eigin skólanámskrá. Skólanámskrá er að finna á heimasíður leikskólans

<http://leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is/>

### **Í Aðalnámskrá er lögð áhersla á eftirfarandi námsbætti:**

- Læsi
- sjálfbærni
- Lýðræði
- Jafnréttindi
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Í gegnum þessi námssvið er allur almennur þroski barnanna eflur. Sjá nánar í skólanámskrá á heimasíðu leikskólans <http://leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is/>

**Dagskipulag** er breytilegt eftir deildum, en heildar ramminn er sá sami. Börnin fá í byrjun hvers skólaárs nýtt dagskipulag með sér heim svo hægt sé að fylgjast sem best með starfinu. Einnig má sjá skipulagið fyrir framan hverja deild. Helstu stundir í dagskipulagi eru ýmsir hóptímar, val og samverustundir, hvíld, matartímar og útivera.

Í **hópastarfi** vinna börnin í ákveðnum hópum að ákveðnum verkefnum undir leiðsögn kennara. Verkefnin geta verið þema tengd og ná þau þá yfir lengri tíma. Inn í hópastarfið fléttast námsþætti aðalnámskrár leikskóla og þeir þroskaþættir sem þar koma fram.

**Valtími** er sá tími sem allir eru inn á deild. Börnin geta valið að eigin frumkvæði fyrir fram ákveðin svæði t.d. borðvinnu, ýmsa kubba sem og leikefni sem sett er inn í samveruherbergi. Hér er frjálsi leikurinn ríkjandi þar sem börnin leika á sínum forsendum.

**Samverustundir** eru fyrir hádegismat þar er spjallað, sungið og farið í ýmsa leiki.

Á **matmálstímum** er boðið upp á fjölbreyttan og næringarríkan mat, áhersla er lögð á að börnin smakki á öllum mat og læri almenna borðsiði. **Mikilvægt er að foreldrar láta skólann vita og skili inn vottorði frá lækni ef barnið er með ofnæmi/óþol fyrir einhverjum mat.**

Vinsamlegast komið **ekki með mat** í leikskólann því þar geta dvalið börn með bráðaofnæmi.

Boðið er upp á hafragraut í morgunmat 3 X í viku og morgunkorn og mjólk eða súrmjólk 2 X í viku. Á yngstu deildunum er ávallt hafragrautur í boði.

Á miðjum morgni er boðið upp á ávaxtabita

Í hádegismat er boðið upp á fisk 2 X í viku, kjötmáltíð 2 X í viku, og léttfæði t.d. súpur og grautar 1 X í viku.

Nónhressing samanstendur af brauðmeti, vatni og mjólk. 1 X í viku er hrökkbrauð.

**Svefn og hvíld** er öllum nauðsynleg. Á yngstu deildinni er boðið upp á svefn úti sem og inni. Leikskólinn skaffar dýnur, kotta og teppi í hvíld en foreldrar verða að koma með **vagn** og kerrupoka fyrir þau börn sem sofa úti. Börn sem nota **snuð** koma með það með sér. Svefn fyrir kl. 14:00 á daginn hefur ekki áhrif á nætursvefn.

Góðir vefir um mikilvægi svefns og góðar svefnvenjur.

<https://www.betrisvefn.is/>

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/svefn-og-hvild/svefn-og-uppeldi/svefn-ungra-barna/>

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/svefn-og-hvild/>

**Útivera** er börnum holl, hún styrkir, eflir og eykur mótstöðuafli og matarlyst. Aðstæður til útivistar eru metnar í skólanum á hverjum degi. Útivera fer eftir veðri þ.e. frosti, vindi, úrkomu og aldri barnanna.

Í **leikskólatöskunni** er mikilvægt að hafa pollagalla/hlífðargalla þykka peysu, ullarsokka, húfu, og tvönn þör af vettlingum og yfir veturinn bætist snjógallinn við. Inniskó er gott að hafa þar sem gólf í fataherbergi geta verið blaut og gólfín á leikskólanum eru köld. Fatahólf barnanna þarf að tæma á hverjum föstudegi. Góður siður er að taka úr leikskólatöskunni og setja í hólf barnanna þann útbúnað sem það þarf yfir daginn og fara yfir hólf í lok dags og taka það sem er blaut með heim og koma með þurrt næsta dag.

Í **fatakassa** sem staðsettur er inn á baði er mikilvægt að hafa auka fatnað. Nærföt, sokkabuxur, sokka, buxur og peysur. Það geta alltaf komið fyrir slys eða að börn koma blaut inn eftir útiveru. Endurnýja þarf í kassann ef barn fer heim með blautan fatnað.

Börn sem nota **bleiur** koma með þær ásamt blautklútum.

## Uppákomudagar.

Á **skóladagatalinu** koma fram þeir uppákomu dagar sem eru á leikskólanum. Ýmist eru þetta uppákomur sem foreldrar, ömmur og afar eru velkomnir á en einnig eru þetta uppákomur sem eingöngu eru fyrir leikskólabörn. Uppákomudagar eru auglýstir daginn áður á upplýsingatöflu í fataherbergi og á facebook síðum deilda.

**Dótadagur:** Barnið má koma með leikfang að heiman. Ekki má koma með stríðsleikföng í leikskólann. Mikilvægt er að merkja vel leikföngin og ekki er æskilegt að barnið komi með fleiri en tvo hluti. Starfsmenn geta ekki tekið ábyrgð á að ekkert skemmist eða tynist þó að þeir geri að sjálfsögðu þeirra allra besta til að koma öllu heilu til skila aftur.

**Afmæli:** Mynd af barninu er hengd upp í fataherbergi til að allir geta óskað barninu til hamingju. Afmældagurinn er haldinn hátíðlegur fyrir barnið, barnið fær kórónu, afmælisvísa er sungin, barnið fær að vera fyrst til að velja og það er þjónn dagsins. Afmæliskaka er síðan bökuð síðasta föstudag í hverjum mánuði. Þá skreyta öll börn sem áttu afmæli í þeim mánuði kökuna og bjóða deildinni sinni upp á kökusneið. Vinsamlegast setjið ekki afmælisboðskort í hólfi barnanna, nema að öllum á deildinni sé boðið annað veldur vonbrigðum og leiðindum hjá þeim börnum sem ekki fá boð.

**Söngstund** er haldinn einu sinni í mánuði í sal skólans, þá hittast allir og syngja saman.

**Bangsavika** er haldin í tilefni af alþjóðlegum bangsadegi 27. október. Börnin mega koma með bangsa að heiman, við hlustum á bangsasögur og lesum bangsabækur.

**Sumarhátíð** er haldin í júní, yfirleitt daginn fyrir 17. júní á Leikskálum og þann föstudag sem er næstur jónsmessunni á Leikhólum. Foreldrar, systkin, ömmur og afar eru velkominn í leikskólann. Við syngjum, grillum pylsur, stundum koma hestar í heimsókn og einhverjar uppákomur eru gjarnan í tilefni dagsins.

**Litadagar** er nokkrum sinnum yfir veturinn þá er unnið með einhvern ákveðinn lit. Börn og kennarar eru hvattir til að koma í fatnaði sem tengist þeim lit sem verið er að vinna með.

**Inni /úti Íþróttir** stöðvabrautir eru gerðar um allan leikskólann. Börnin mega koma með íþróttaföt.

**Bókavika** er haldin í tilefni af degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur úr grunnskólanum koma og lesa fyrir okkur og börnin mega koma með bækur að heiman í leikskólann.

**Piparkökur** eru bakaðar fyrir jólin.

**Aðventustund** er hvern mánudag í desember. Þá hittast allir í sal skólans og kveikt er á aðventukerti og sungin saman jólalög. Endað er á því að allir fá mandarínur.

**Skreytingadagur** við málum piparkökurnar sem börnin hafa bakað. Foreldrar og systkini eru velkominn. Boðið er upp á safa og smákökur.

**Kakóferð** kaffihúsin hafa boðið okkur í heitt súkkulaði og piparkökur. Við förum í bæinn og dönsum í kringum jólatré.

**Litlu jól** foreldrar eru boðnir velkomnir og við dönsum í kringum jólatré í leikskólanum, jólasveinar kíkjja í heimsókn með pakka (sem foreldrafélagið hjálpar jólasveininum að útbúa) og við fáum okkur svo hressingu saman.

**Vasaljósadagur** börnin koma með vasaljós að heiman og við vinnum með ljós og skugga.

**Sólardagur 28 janúar** við fögnum sólinni, syngjum sólarlög og gæðum okkur á sólarpönnukökum.

**Bóndadagur** Pabba og afa boðið í kaffi.

**Þorrablót** er haldið á þorranum, þá fá börnin að smakka þorramat og fræðast um gamlar hefðir.

**Konudagur** mömmu og ömmu er boðið í kaffi föstudaginn fyrir konudag.

**Bolludagur** Börnin fá rjórabollu í kaffinu.

**Sprennidagur** boðið er upp á saltkjöt og baunir



**Öskudagur** grímuball þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni og ball á eftir.

Börn og kennarar koma í grímubúningum eða náttfötum.

**Spiladagur** börn koma með spil eða púsl að heiman, mikilvægt er að merkja spilin eða púslin.

**Dekur/náttfatadagur** við tökum því rólega, kveikjum á kertum, fáum krem og höfum það notalegt

**Sveitaferð** er farinn að vori, foreldrafélag sér um ferðina.

**Skólaheimsóknir** börn sem eru að fara í 1. bekk fara í heimsókn í grunnskólann og 1. bekkur kemur í heimsókn í leikskólann.

**Útskrift** foreldrar barna sem eru að ljúka leikskólagöngu eru boðnir á leikskólann til að fagna því að fyrsta skólastigi er lokið.

**Útskriftaferð** farið er í dagsferð til Hríseyjar

### **Veikindi innivera/útivera.**

Veik börn eru viðkvæm og vansæl. Barn sem ekki getur tekið fullan þátt í starfsemi leikskólans á að vera heima. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að tilkynna ef barnið er veikt eða fjarverandi af öðrum orsökum. Ef barn veikist í leikskólanum er hringt í foreldri ef ekki næst í foreldri þá er haft samband við tengilið sem foreldri hefur skráð í skólanum.

Innivera kemur ekki í veg fyrir veikindi sem stafa af veiru- eða bakteríusýkingum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyrá.

**Foreldrar biðjið ekki kennara um að halda barni inni til að fyrirbyggja veikindi.**

Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi er hægt að biðja um að það verði einungis stutta stund úti fyrsta daginn á meðan það er að jafna sig.

## **Lyfjagjafir.**

Lyfjagjafir á leikskólanum ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar, því aðeins í undantekningartilfellum þarf að gefa lyf oftast en 3svar á dag og þó að lyf þurfi að gefa 3svar þá skiptir ekki máli þótt rúmir 8 tímar líði á milli gjafa. Undantekningar á þessu gætu verið sykursýki-, asma- og ofnæmislyf og hugsanlega lyf við ofvirkni.

Kennarar gefa ekki lyf nema foreldrar koma með skrifleg fyrirmæli svo um frá lækni.

## **Sníkjudýrasmit.**

Greinist njálgur eða kláðamaur hjá barni ætti öll fjölskyldan að fá meðferð. Daginn eftir meðferð er smíthættan liðin hjá og barnið má fara aftur í leikskólann.

### **Ekki er ástæða til að tilkynna þetta öðrum foreldrum nema tilfelli séu fleiri.**

Ef upp kemur lús þá er mikilvægt að foreldrar láti leikskólann vita þannig að forvarnir geti byrjað strax. Þegar smit greinist er það líklega búið að vera til staðar í 3-4 vikur og því ekki ástæða til að útiloka barnið frá leikskólanum þegar búið er að uppgötva vandamálið og aðgerðir hafnar til að leysa það

Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna unnið af Ágústi Ó. Gústafssyni heimilislækni í samráði við Þórólf Guðnason barnalækni.

[https://www.hsu.is/wp-content/uploads/2017/12/Yfirlit\\_yfir\\_helstu\\_smitsjukdoma\\_barna.pdf](https://www.hsu.is/wp-content/uploads/2017/12/Yfirlit_yfir_helstu_smitsjukdoma_barna.pdf)

## **Slys**

Ef barn verður fyrir minniháttar slysi þá er foreldri tilkynnt það í lok dags. Sumar deildir hafa þann hátt á að setja plástur á hólf bananna og þá er mikilvægt að foreldrar leiti upp starfsmann deildarinnar til að fá upplýsingar um hvað kom fyrir.

Ef barnið verður fyrir slysi sem þarfnast aðhlyningar lækni er haft samband við foreldra og þeir fara með barnið upp á heilsugæslu.

Ef alvarlegt slys verður er hringt í 112 og foreldra.

Leikskólinn skráir öll slys.

## **Breytt netfang og breytingar á högum**

Foreldrum er skylt að tilkynna breytingar á högum barnsins s.s. breytt hjúskaparstöðu, heimilisfang, símanúmer og netfang. Þetta er gert inn á

<http://www.leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is/> innskráð með notendanafni og lykilorði.

Á heimasíðu leikskólans má finna allt um leikskólastarfið.

Á facebook síðum deilda eru settar inn fréttir og myndir af starfinu ásamt öðrum tilkynningum.

### **Foreldraráð**

Um foreldraráð leikskóla segir í 11. grein laga um leikskóla. Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsreglur foreldraráðs er að finna á heimasíðu leikskólans <http://leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is/>

### **Foreldrafélag**

Foreldrar verða sjálfkrafa félagar í foreldrafélaginu þegar barn þeirra byrjar í leikskólanum.

Foreldrafélagið innheimtir félagsgjöld

Hlutverk foreldrafélags leikskólans er:

- að stuðla að velferð barna og starfsfólks í leikskólanum, styrkja samskipti foreldra og þeirra sem þar starfa
- að vera málsvarar og fulltrúar foreldra gagnvart leikskólanum og öðrum stofnunum ef þörf krefur
- að vera tengiliður á milli foreldra og skóla ef óskað er
- að gæta hagsmuna foreldra gagnvart skólanum ef óskað er
- að sjá um framkvæmd samvinnuverkefna foreldra ef einhver eru
- annað sem foreldrar kunna að fela stjórninni

## **Starfsfólk**

Starfsmannahópurinn er skipaður einstaklingum með mismunandi menntun og reynslu hverju sinni. Saman mynda þeir lið sem vinnur saman að því að gera leikskólann að öruggum og líflegum stað þar sem börnin fá notið umhyggju, menntunar og samveru í hópi jafningja. Hér á eftir eru starfsheiti innan leikskólans talin upp og stutt lýsing á hverju starfi fyrir sig.

**Leikskólastjóri:** Stjórnar daglegu starfi leikskólans. Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

**Aðstoðarleikskólastjóri:** Er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans og er honum til ráðuneytis innan leikskólans.

**Deildarstjóri:** Ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild í samráði við leikskólastjóra, svo og foreldrasamstarfi

**Sérkennslustjóri:** Heldur utan um málefni þeirra barna sem þurfa á sérstuðningi að halda. Er tengiliður foreldra og þeirra stofnana sem koma að málefnum barnanna.

**Leikskólakennarar** og leiðbeinendur vinna á deild að uppeldisstarfi með börnunum undir stjórn deildarstjóra og leikskólastjóra.

**Matráður** sér um að elda mat, skipuleggja matseðla og innkaup fyrir eldhúsið, ásamt þvottahúsi.

**Ræsting leikskólans er í höndum verktaka**

**Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.**

### **Starfsfólk leikskólans:**

**Leikskólastjóri:** Olga Gísladóttir

**Aðstoðarleikskólastjóri:** Kristín María Hlökk Karlsdóttir

**Sérkennslustjóri Leikskála:** Birna Hlín Hilmarsdóttir

**Sérkennslustjóri Leikhóla /Iðjuþjálfari:** Guðrún Þorvaldsdóttir

### **Eldhús**

Leikskálar: Lísu Dögg Ómarsdóttir Matráður og Theodora Vekri aðstoðarmatráður

Leikhólar: Monika Borzymowska

**Kennara deilda má sjá á heimasíðu leikskólans.**